

Gistingar ferðamanna 2014

Tourist accommodation 2014

Samantekt

Seldar gistinætur voru 5,5 milljónir hér á landi árið 2014 og fjölgaði um tæp 21% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 80% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 25% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 6%. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum voru 60% allra gistinátta, 17% gistinátta voru á tjaldsvæðum og 23% á öðrum tegundum gististaða. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum á milli ára. Sem fyrr voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallslega fjölgaði gistinóttum þó mest á Vestfjörðum og Suðurnesjum.

Mikil aukning hefur orðið á seldum gistinóttum undanfarin ár. Þannig hefur heildarfjöldi gistinátta aukist um 2,5 milljónir eða um 83% á síðastliðnum fimm árum. Samhliða fjölgun gistinátta hefur framboð gistirýmis vaxið mikið á undanförunum árum. Þrátt fyrir mikla aukningu á framboði hefur nýting gistrýmis einnig aukist. Heildarnýting herbergja á hótélum og gistiheimilum var 57,1% á síðasta ári til samanburðar við 43,5% árið 2010.

Gistinátatölur fyrir árið 2014 byggja á tölum frá 1.149 gististöðum. Erfitt hefur verið að fylgja eftir mikilli fjölgun gististaða á undanförunum árum, sérstaklega þeim stöðum sem ekki sækja sér tilskilin leyfi til sölu á gistiþjónustu. Síðastliðið haust var farið í umtalsverða vinnu við að uppfæra upplýsingar um gististaði í gagnagrunnum Hagstofunnar. Í kjölfarið voru tölur fyrir árin 2012 og 2013 endurskoðaðar til hækkunar.

Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgar um 21%

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 5.489.883 árið 2014 sem er 21% aukning frá árinu 2013 þegar gistinætur voru 4.546.793. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 3.522.039 eða 80,2% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 25% frá fyrra ári. Gistinætur Íslendinga voru 1.085.049 og fjölgaði um 6% frá 2013.

Bretar kaupa flestar gistinætur, síðan Þjóðverjar og Bandaríkjamenn

Bretar kaupa flestar gistinætur árið 2014 en gistinætur þeirra voru 828.869 og fjölgaði um 45% frá árinu 2013. Gistinætur Þjóðverja voru næstflestar, 737.655, en það er aukning um 20% frá fyrra ári. Gistinætur Bandaríkjamanna voru 705.858 sem er tölverð aukning frá fyrra ári eða um 47%. Gistinætur Frakka voru 363.186 sem er 8% aukning milli áranna 2013 og 2014. Árið 2013 var í fyrsta skipti safnað upplýsingum um öll þjóðerni. Af þeim þjóðernum sem áður voru birt undir safnflokkum eru Rússar fjölmennastir. Gistinætur Rússa voru 38.590 árið 2014, Ísraelsmenn keyptu 27.821 gistinætur og Tékkar 27.409 (sjá nánar töflu 1 á bls. 12).




42% allra gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2014 voru 42% allra gistinátta á höfuðborgarsvæðinu, en það er örlítill lækkun frá árinu áður. Tæplega helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var á höfuðborgarsvæðinu en 24% gistinátta Íslendinga. Um 18% gistinátta voru á Suðurlandi og 13% á Norðurlandi eystra. Gistinóttum fjölgaði á öllum landsvæðum en hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Vestfjörðum og Suðurnesjum.

Mynd 1. Gistinætur eftir landsvæðum 2013–2014

Figure 1. Overnight stays by region 2013–2014




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

60% allra gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Fram til ársins 2013 var íbúðagisting talin með hótélum og gistiheimilum, en frá með árinu 2012 eru tölurnar birtar sérstaklega. Hlutfallsleg skipting gistinátta fyrir árið 2014 er þannig að gistinætur á hótélum og gistiheimilum eru um 60%, 17% á tjaldsvæðum og 23% á öðrum gististöðum, þ.e. íbúðagistingu farfuglaheimilum, svefnpokagististöðum, heimagististöðum, orlofshúsabyggðum og skálum í óbyggðum (sjá mynd 2).

Mynd 2. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2014

Figure 2. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2014




43,1% aukning í heimagistingu

Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða nema á svefnpokagisti-
stöðum. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest í heimagistingu um 43,1%, í íbúðagist-
ingu um 38,9%, á tjaldstæðum um 37,5%, sumarhótelum um 26,4% og á farfugla-
heimilum um 25,8%.

Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru
38% gistinátta Íslendinga á tjaldsvæðum og 46% á hótélum og gistiheimilum. Til
samanburðar voru gistinætur erlendra gesta í 63% tilvika á hótélum og gistiheimil-
um og í 12% tilvika á tjaldsvæðum (sjá mynd 3 og 4).


Mynd 3. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2014

Figure 3. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2014




Mynd 4. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2014

Figure 4. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2014



Mynd 5. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2014, all gististaðir


Figure 5. Overnight stays of Icelanders by region 2014, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Mynd 6. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2014, allir gististaðir

Figure 6. Overnight stays of foreigners by region 2014, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Gistinóttum fjölgað um 2,5 milljónir á síðustu 5 árum

Mikil aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu fimm ár. Árið 2010 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 2.999.025 en árið 2014 voru þær 5.489.883. Heildarfjöldi gistinátta hefur því aukist um 2,5 milljónir eða um 83,1% á fimm árum. Á þessum tíma hefur gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgað um 105,4% á meðan gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað um 26,9%.

Hótel og gistiheimili

14,6% aukning gistinátta 2014

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um tæp 14,6% milli árana 2013 og 2014, sem var svipað og milli árana 2012 og 2013. Gistinætur voru 3.287.161 á árinu 2014 eða 419.313 fleiri en árið 2013. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 84,7% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum og fjölgaði þeim um 17,4% á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 1,3%. Gistirými á hótélum og gistiheimilum hefur aukist frá fyrra ári, meðalframboð á herbergjum fjölgaði um 7,1% og á rúmum um 7,4%.

51,6% gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu


Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2014 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 51,6%. Á Suðurlandi voru 14,8% gistinátta, 9,8% á Norðurlandi eystra og 8,2% á Austurlandi (sjá mynd 9 á bls. 6).

Mikil aukning á Suðurnesjum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði frá fyrra ári í öllum landshlutum. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurnesjum eða um 28,9%. Á Vestfjörðum fjölgaði gistinóttum um 23,8%, 20,7% á Suðurlandi, á Vesturlandi um 18,8%, 17,5% á Norðurlandi, um 12,8% á höfuðborgarsvæðinu og 9,2% á Austurlandi (sjá mynd 7).

Mynd 7. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2014

Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2014



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.


34% herbergja á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu eru um 34% af heildarfjölda herbergja á hótélum og gistiheimilum. Suðurland er með 19% herbergja og Norðurland eystra með 14%. Fjöldi hótela og gistiheimila voru 379 árið 2014 til samanburðar við 359 árið 2013 (sjá mynd 8 á næstu síðu og töflu 2 á bls. 15).

Nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum var 57,1% á síðasta ári og nýting rúma 46,0%. Á undanförunum árum hefur nýting batnað umtalsvert, þannig var nýting herbergja 43,5% árið 2010 og nýting rúma 34,8%. Sérstaklega hefur nýting á gistirými batnað yfir vetrarmánuðina, en herbergjanýting var tæp 52% 2014 til samanburðar við 31,8% í febrúar 2010.

Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2014


Figure 8. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2014



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Mynd 9. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2014

Figure 9. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2014



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótél og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótelpjónustu þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 59,9% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gliststöðum í þessum flokki.

Hótel

Gistinóttum á hótélum fjölgar um 12,5%

Gistinætur á hótélum voru 2.307.314 árið 2014 og fjölgaði um 12,5% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru um 85,3% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og fjölgaði um rúm 15,1% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga á hótélum fækkaði á sama tíma um 1%.

Hlutfallslega mest aukning á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða 2014

Gistinóttum á hótélum fjölgaði í öllum landshlutum milli ára nema á Austurlandi. Mesta hlutfallslega aukningin var á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða um 47,3%, á Suðurlandi 27,0% og á Suðurnesjum 21,1%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 12,0% milli ára, á Norðurlandi voru gistinætur svipaðar milli ára, en á Austurlandi fækkaði þeim um 11,0% milli ára.

Fjöldi hótela 103 árið 2014


Á sama tíma og gistinóttum á hótélum fjölgar eykst framboð gistirýmis á hótélum. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótél voru 103 árið 2014 og fjölgaði um sex frá fyrra ári.

55% hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu 2014

Á höfuðborgarsvæðinu eru 55% allra hótélherbergja, 18% á Suðurlandi, 10% á Norðurlandi, 6% á Austurlandi, 6% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 5% á Suðurnesjum (sjá mynd 10).

Mynd 10. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2014

Figure 10. Number of hotel rooms by region 2014




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Gistinætur á hótélum árið 2014 voru flestar á höfuðborgarsvæðinu eða um 67,4%, 12,9% á Suðurlandi, 7,2% á Norðurlandi, 4,8% á Suðurnesjum, 4,4% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 3,4% á Austurlandi (sjá mynd 11).

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2014.

Mynd 11. Gistinætur á hótélum eftir landssvæðum 2014

Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2014



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Tjaldsvæði


Aukning um 37,5% frá fyrra ári

Seldar gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 946.298 árið 2014 til samanburðar en 687.977 árið 2013. Gistinætur Íslendinga voru 44% af heildarfjölda gistinátta á tjaldsvæðum og fjölgaði um 14% frá fyrra ári á meðan gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 64%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á Norðurlandi eystra 26,5%, á Suðurlandi 23,8% og á Austurlandi um 17,6%. Á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja var aukning um 9,8%, 8% aukning var á Norðurlandi vestra og rúm 7% á Vesturlandi og 7% á Vestfjörðum.

Fjöldi tjaldsvæða, þar sem gjald er tekið fyrir gistingu, voru 226 árið 2014 og fjölgaði um 29 frá fyrra ári (sjá töflu 2 á bls. 16).

Mynd 12. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2014

Figure 12. Overnight stays in camping sites by region 2014



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Önnur gisting

Til annarra gististaða en þeirra sem fyrr hafa verið nefndir eru: íbúðagisting, farfuglaheimili, svefnpokagististaðir, heimagisting, skálar í óbyggðum og orlofshúsabyggðir. Gistinætur í orlofshúsabyggðum í eigu stéttarfélaga og félagasamtaka eru ekki meðtaldar hér.

Mikil aukning gistinátta á heimagististöðum og í íbúðagistingu

Undanfarin ár hefur verið mikil aukning á framboði í heimagistingu. Í flestum tilfellum eru þetta litlir staðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið. Erfiðlega hefur gengið að ná til allra heimagististaða þannig að gistinætur þeirra eru vantaldar að einhverju leiti sem ætti þó að hafa óveruleg áhrif á heildarniðurstöður. Gistinætur fyrir árið 2014 á heimagististöðum voru 175.320 miðað við 122.527 árið áður.

Sambærileg þróun hefur verið í íbúðagistingu og hefur fjölgun gistinátta þar einnig verið mikil undanfarin ár. Gistinætur fyrir árið 2014 voru um 411.000 sem er 38,8% aukning milli ára.

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 367.100 á síðasta ári og fjölgaði um 25,7% frá árinu 2013.

Á svefnpokagististöðum voru 14.700 gistinætur á síðasta ári sem er 41,8% fækkun frá árinu 2013.

Gistinóttum í orlofshúsabyggðum, öðrum en þeim sem reknar eru af stéttarfélögum og félagasamtökum, fjölgaði um 16% frá fyrra ári, voru 207.800 til samanburðar við 179.100 árið 2013.

Gistinætur í skálum í óbyggðum fjölgaði um 4% milli ára, voru 71.500 2014 til samanburðar við 69.000 árið 2013. Skálar í óbyggðum voru 68 árið 2014. Til þessa flokks teljast eingöngu þeir gistiskálar þar sem innheimt er gjald fyrir gistingu.

Um skýrslugerðina

Skýrslan byggir á gögnum frá 1.149 gististöðum

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort þeir hafi gistileyfi. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2014 var leitað eftir upplýsingum frá 1.149 gististöðum.

Gagnagrunnur uppfærður

Erfitt hefur verið að fylgja eftir mikilli fjölgun gististaða á undanförunum árum, sérstaklega þeim stöðum sem ekki sækja sér tilskilin leyfi til sölu á gistiþjónustu. Síðastliðið haust var farið í umtalsverða vinnu við að uppfæra upplýsingar um gististaði í gagnagrunnum Hagstofunnar. Í kjölfarið voru tölur fyrir árin 2012 og 2013 endurskoðaðar til hækkunar.

Hagstofan telur að gististaðir sem gætu verið vantaldir séu yfirleitt smáir heimgististaðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið og hafa ekki veruleg áhrif á heildarniðurstöður.

31% af heildarfjölda gistinátta áætlað

Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Fyrir árið 2014 var tæplega 31% af heildarfjölda gistinátta áætlaður fyrir þá staði sem ekki skiluðu gögnum. Á hótelum, gistiheimilum og heimagistingu eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými og nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum á árinu. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Áætlanir fyrir skála, tjaldsvæði, farfuglaheimili, svefnpokagististaði og orlofshús eru byggðar á meðaltali gistinátta fyrir opna mánuði á sama ári á sambærilegum gististöðum.

Framsetning gagna

Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir flesta flokka gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gististöðum ber að skila gistiskýrslu í upphafi hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Hagstofan birtir mánaðarlega fréttir um fjölda gistinátta og nýtingu gistirýmis á hótelum en ekki fyrir aðra flokka gististaða. Vefstöflur um allar tegundir gististaða er hægt að nálgast á vef Hagstofunnar undir málaflokknum [ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni](#).

Trúnaður

Farið er með allar upplýsingar sem gististaðir veita Hagstofu Íslands sem trúnaðarmál. Öll úrvinnsla og framsetning gagna miðaðst við að ekki sé hægt að rekja niðurstöður til einstakra aðila.

English summary


In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2014. Results are presented by overnight stays, arrivals by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 5.5 million in the year 2014, which is a 21% increase compared with the year 2013. Nights spent by foreign tourists accounted for 80% of the total number of overnight stays in 2014 and increased by 25% compared with previous year. At the same time overnight stays of Icelanders increased by 6%. From 2013 to 2014 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments.

Most overnight stays in 2014 were spent by tourists from Britain, Germany, and USA.

Mynd 13. Svæðaskipting í skýrslunni

Figure 13. Regional division in this report



Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2014*Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2014*

	Alls <i>Total</i>	Höfuð- borgar- svæði <i>Capital region</i>	Suður- nes South- west <i>South- west</i>	Vestur- land West <i>West</i>	Vest- firðir <i>West- fjords</i>	Norður- land North- west <i>North- west</i>	Norður- land North- east <i>North- east</i>	Austur- land East <i>East</i>	Suður- land South <i>South</i>
Gistinætur <i>Overnight stays</i>									
Alls <i>Total</i>	5.489.883	2.320.208	236.283	322.635	196.364	182.316	732.601	513.439	986.037
Ísland <i>Iceland</i>	1.085.049	267.417	46.592	76.952	63.484	56.310	228.913	119.633	225.748
Útlendingar <i>Foreigners</i>	4.404.834	2.052.791	189.691	245.683	132.880	126.006	503.688	393.806	760.289
Danmörk <i>Denmark</i>	169.812	88.889	6.700	8.455	4.338	4.566	17.641	11.937	27.286
Svíþjóð <i>Sweden</i>	164.059	106.636	4.128	7.247	3.790	3.806	10.209	7.081	21.162
Noregur <i>Norway</i>	157.367	104.094	6.162	6.858	3.368	2.952	9.995	6.338	17.600
Færeyjar <i>Faroe Island</i>	7.747	5.504	256	32	16	27	1.366	362	184
Grænland <i>Greenland</i>	3.418	2.734	403	10	0	47	136	5	83
Finnland <i>Finland</i>	48.146	30.677	2.457	1.778	1.109	913	3.261	2.444	5.507
Bretland <i>United Kingdom</i>	828.869	499.419	32.423	41.097	18.676	14.674	52.881	41.373	128.326
Írland <i>Ireland</i>	13.589	10.454	488	133	106	183	654	365	1.206
Þýskaland <i>Germany</i>	737.655	251.323	30.010	49.903	30.338	28.412	113.438	92.768	141.463
Holland <i>Netherlands</i>	176.834	52.670	7.280	14.597	6.413	7.441	27.000	21.575	39.858
Belgía <i>Belgium</i>	57.174	14.706	2.767	2.833	2.081	2.780	9.763	8.592	13.652
Frakkland <i>France</i>	363.186	105.417	14.351	23.786	14.429	14.834	55.444	51.466	83.459
Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) <i>Switzerland (incl. Lichtenstein)</i>	140.322	35.719	8.253	10.302	7.094	6.904	23.951	19.957	28.142
Austurríki <i>Austria</i>	40.873	10.741	1.753	2.438	1.631	2.199	7.748	5.737	8.626
Ítalía <i>Italy</i>	109.224	31.170	5.454	6.737	4.286	4.575	20.374	15.317	21.311
Spánn <i>Spain</i>	134.720	41.799	9.887	9.341	4.225	4.879	21.476	17.537	25.576
Eistland <i>Estonia</i>	3.928	2.541	357	39	18	28	523	221	201
Króatía <i>Croatia</i>	973	705	60	14	7	30	45	88	24
Kýpur <i>Cyprus</i>	164	115	4	0	9	0	5	0	31
Lettland <i>Latvia</i>	2.192	1.238	123	20	4	17	328	183	279
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	1.033	405	408	24	0	20	70	29	77
Grikkland <i>Greece</i>	5.962	5.052	97	29	16	31	264	116	357
Portúgal <i>Portugal</i>	6.685	4.291	198	105	93	91	813	565	529
Úkraína <i>Ukraine</i>	1.991	809	127	48	60	140	306	201	300
Ungverjaland <i>Hungary</i>	8.931	5.265	375	104	66	147	786	1.061	1.127
Tyrkland <i>Turkey</i>	2.303	1.626	139	28	15	5	170	53	267
Tékkland <i>Czech Republic</i>	27.409	4.487	1.548	1.451	1.120	1.797	5.904	3.919	7.183
Slóvenía <i>Slovenia</i>	4.278	1.915	125	202	76	104	969	283	604
Slóvakía <i>Slovakia</i>	4.385	2.730	129	149	91	45	322	386	533
Rússland <i>Russia</i>	38.590	16.356	3.313	1.728	913	1.112	5.081	3.322	6.765
Pólland <i>Poland</i>	27.179	8.651	1.587	1.373	887	1.441	4.825	3.057	5.358
Malta <i>Malta</i>	701	437	38	15	46	15	53	51	46
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	2.129	971	175	77	78	39	346	188	255
Litháen <i>Lithuania</i>	2.899	1.558	177	102	25	35	413	285	304
Rúmenía <i>Romania</i>	3.100	1.497	547	61	63	210	289	155	278
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	1.695	971	203	43	15	69	180	80	134
Bandaríkin <i>Unites States of America</i>	705.858	394.818	29.858	36.182	18.464	13.369	62.215	44.641	106.311
Kanada <i>Canada</i>	133.458	67.775	4.758	6.846	4.357	3.415	15.060	11.112	20.135
Brasilía <i>Brazil</i>	5.096	3.033	250	95	35	39	549	362	733
Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku <i>Other South and Central American countr.</i>	6.445	4.143	235	115	66	36	793	324	733
Japan <i>Japan</i>	68.758	34.648	3.811	5.276	1.462	1.035	4.953	4.332	13.241
Kína <i>People's Republic of China</i>	68.570	35.675	3.500	2.884	1.286	1.269	7.822	4.812	11.322

Tafla 1. Fjöldi gistinguáttu og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2014 (frh.)
 Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2014 (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Höfuð- borgar- svæði <i>Capital region</i>	Suður- nes South- west <i>South- west</i>	Vestur- land West <i>West</i>	Vest- firðir West- fjords	Norður- vestra North- west	Norður- eystra North- east	Austur- land East	Suður- land South
Suður-Kórea <i>Republic of South Korea</i>	5.274	2.624	443	42	39	60	689	588	789
Indland <i>India</i>	5.596	3.647	169	97	24	55	393	278	933
Ísrael <i>Israel</i>	27.821	6.258	1.208	1.148	715	1.172	6.243	4.517	6.560
Önnur Asiulönd <i>Other Asian countries</i>	39.777	23.652	1.611	845	220	365	3.807	2.647	6.630
Suður-Afrika <i>South Africa</i>	1.887	967	46	42	30	50	328	191	233
Önnur Afrikulönd <i>Other African countries</i>	3.876	2.555	144	35	38	10	422	117	555
Ástralía <i>Australia</i>	29.511	17.182	1.044	811	561	506	3.104	2.578	3.725
Nýja-Sjáláland <i>New Zealand</i>	2.995	2.033	106	90	79	57	228	198	204
Önnur lönd Eyjaálfa og önnur landsvæði <i>Other Oceania and other territories</i>	390	209	6	16	2	0	53	12	92
Gestakomur Arrivals									
Alls Total	3.296.473	1.081.564	181.920	219.380	133.643	128.699	470.580	393.170	687.517
Ísland <i>Iceland</i>	699.733	153.535	36.026	53.095	40.552	36.447	140.597	82.559	156.922
Útlendingar <i>Foreigners</i>	2.596.740	928.029	145.894	166.285	93.091	92.252	329.983	310.611	530.595
Danmörk <i>Denmark</i>	93.269	37.203	5.231	5.763	2.884	3.001	11.577	9.243	18.367
Svíþjóð <i>Sweden</i>	79.561	41.349	2.965	4.847	2.500	2.431	6.258	5.220	13.991
Noregur <i>Norway</i>	77.723	43.013	3.191	4.790	2.234	1.787	6.170	4.693	11.845
Færeyjar <i>Faroe Island</i>	3.198	1.851	249	26	15	18	567	313	159
Grænland <i>Greenland</i>	1.875	1.310	382	10	0	29	65	5	74
Finnland <i>Finland</i>	24.148	11.738	1.853	1.209	760	644	2.142	1.945	3.857
Bretland <i>United Kingdom</i>	426.065	208.964	23.242	25.972	12.437	10.313	32.608	28.834	83.695
Írland <i>Ireland</i>	5.907	3.625	410	95	54	109	370	328	916
Þýskaland <i>Germany</i>	462.963	123.193	24.355	33.067	21.357	19.750	72.119	73.580	95.542
Holland <i>Netherlands</i>	108.169	26.333	6.102	8.787	4.368	5.620	16.242	15.924	24.793
Belgía <i>Belgium</i>	39.559	7.790	2.307	2.040	1.512	2.151	6.554	6.951	10.254
Frakkland <i>France</i>	252.353	56.061	12.159	17.490	10.805	11.426	39.124	41.204	64.084
Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) <i>Switzerland (incl. Lichtenstein)</i>	95.513	19.835	7.160	7.303	5.026	5.420	15.006	16.002	19.761
Austurríki <i>Austria</i>	27.964	5.374	1.490	1.643	1.212	1.617	5.486	4.870	6.272
Ítalía <i>Italy</i>	81.243	18.630	4.743	5.160	3.261	3.785	14.861	13.623	17.180
Spánn <i>Spain</i>	94.468	22.401	7.010	6.656	3.153	3.842	16.334	15.167	19.905
Eistland <i>Estonia</i>	2.059	923	344	27	16	28	340	208	173
Króatía <i>Croatia</i>	371	185	51	8	7	26	32	41	21
Kýpur <i>Cyprus</i>	62	42	4	0	3	0	5	0	8
Lettland <i>Latvia</i>	1.227	440	98	16	4	17	235	179	238
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	391	145	72	20	0	20	42	29	63
Grikkland <i>Greece</i>	2.549	1.826	87	18	16	31	176	106	289
Portúgal <i>Portugal</i>	3.724	1.759	171	79	67	91	548	547	462
Úkraína <i>Ukraine</i>	1.401	360	112	40	43	136	278	191	241
Ungverjaland <i>Hungary</i>	4.997	2.010	343	77	52	141	593	870	911
Tyrkland <i>Turkey</i>	1.229	656	135	19	11	5	106	53	244
Tékkland <i>Czech Republic</i>	19.352	2.347	1.342	1.019	784	1.329	4.429	3.137	4.965
Slóvenía <i>Slovenia</i>	2.595	801	117	105	66	101	642	269	494
Slóvakía <i>Slovakia</i>	2.169	877	105	89	77	36	248	380	357
Rússland <i>Russia</i>	22.956	6.484	2.033	1.201	710	890	3.767	2.887	4.984
Pólland <i>Poland</i>	18.278	4.085	1.325	974	652	1.116	3.558	2.476	4.092
Malta <i>Malta</i>	354	129	25	12	46	15	43	42	42

Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2014 (frh.)
 Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2014 (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Höfuð- borgar- svæði <i>Capital region</i>	Suður- nes South- west <i>South- west</i>	Vestur- land <i>West</i>	Vest- firðir <i>West- fjords</i>	Norður- vestra <i>North- west</i>	Norður- land eystra <i>North- east</i>	Austur- land <i>East</i>	Suður- land <i>South</i>
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	1.247	415	138	48	72	36	207	162	169
Litháen <i>Lithuania</i>	1.596	535	161	63	15	35	273	251	263
Rúmenía <i>Romania</i>	1.410	539	142	56	49	54	184	148	238
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	927	360	145	40	11	69	132	72	98
Bandaríkin <i>Unites States of America</i>	390.509	178.389	21.887	24.806	12.342	9.564	37.774	33.671	72.076
Kanada <i>Canada</i>	75.363	28.563	3.655	4.692	3.016	2.571	9.547	8.702	14.617
Brasilía <i>Brazil</i>	2.739	1.133	187	77	25	39	396	323	559
Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku <i>Other South and Central American countr.</i>	3.301	1.560	207	89	53	33	498	288	573
Japan <i>Japan</i>	41.195	17.589	3.037	3.146	977	709	3.290	3.233	9.214
Kína <i>People's Republic of China</i>	44.899	19.512	2.898	2.147	906	1.005	5.662	4.112	8.657
Suður-Kórea <i>Republic of South Kora</i>	3.595	1.190	425	33	39	54	608	569	677
Indland <i>India</i>	2.980	1.437	153	79	19	55	302	266	669
Ísrael <i>Israel</i>	22.038	3.723	1.071	976	680	1.160	4.863	4.366	5.199
Önnur Asiulönd <i>Other Asian countries</i>	25.503	11.940	1.468	703	176	355	2.911	2.429	5.521
Suður-Afríka <i>South Africa</i>	1.067	361	30	36	25	50	205	168	192
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	2.049	1.051	92	28	21	7	274	95	481
Ástralía <i>Australia</i>	16.778	7.085	888	615	461	483	2.132	2.249	2.865
Nýja-Sjáláand <i>New Zealand</i>	1.585	782	91	77	71	48	157	178	181
Önnur lönd Eyjaálfu og önnur landsvæði <i>Other Oceania and other territories</i>	267	126	6	12	1	0	43	12	67

Tafla 2. Fjöldi gististaða eftir tegundum og landsvæðum 2013–2014
 Table 2. Number of accommodation establishments by type and region 2013–2014

	Höfuð- borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	
Alls <i>Total</i>	<i>Capital region</i>	<i>South- west</i>	<i>West</i>	<i>West- fjords</i>	<i>North- west</i>	<i>North- east</i>	<i>East</i>	<i>South</i>	
2013									
Alls Total	1.023	162	30	104	103	96	158	136	234
Hótel <i>Hotels</i>	97	37	6	9	3	3	12	8	19
Íbúðagisting <i>Apartments</i>	61	38	2	2	6	•	7	1	5
Gistiheimili ¹ <i>Guesthouses¹</i>	262	38	7	27	27	25	43	45	50
Heimaging <i>Private homes</i>	210	35	9	26	22	25	36	17	40
Farfuglaheimili <i>Hostels</i>	50	9	2	4	5	2	7	9	12
Orlofshúsabyggðir <i>Cottages</i>	50	•	1	7	2	6	9	10	15
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping bag accommodation</i>	40	1	•	6	4	6	4	6	13
Skálar <i>Huts in the wilderness</i>	55	•	•	•	3	6	6	11	29
Tjaldsvæði <i>Camping</i>	175	4	3	23	28	22	30	26	39
Tjaldsvæði á hálendinu <i>Camping in the wilderness</i>	23	•	•	•	3	1	4	3	12
2014									
Alls Total	1.149	182	37	119	113	102	174	153	269
Hótel <i>Hotels</i>	103	39	6	9	3	3	13	8	22
Íbúðagisting <i>Apartments</i>	74	46	2	2	5	•	8	2	9
Gistiheimili ¹ <i>Guesthouses¹</i>	276	37	9	31	27	26	46	48	52
Heimaging <i>Private homes</i>	250	44	13	30	25	26	39	25	48
Farfuglaheimili <i>Hostels</i>	55	10	2	4	6	2	7	9	15
Orlofshúsabyggðir <i>Cottages</i>	55	•	1	9	2	6	11	10	16
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping bag accommodation</i>	42	1	•	6	5	6	4	6	14
Skálar <i>Huts in the wilderness</i>	68	•	•	•	3	8	9	13	35
Tjaldsvæði <i>Camping</i>	202	5	4	28	34	24	33	29	45
Tjaldsvæði á hálendinu <i>Camping in the wilderness</i>	24	•	•	•	3	1	4	3	13

¹ Heilsársgistiheimili, sumargistiheimili og sumarhótel. *Guesthouses, summer guesthouses and summer hotels.*

Tafla 3. Nýting herbergja og rúma á hótélum og gistiheimilum eftir mánuðum 2013–2014Table 3. *Occupancy rooms and beds in hotels and guesthouses by months 2013–2014*

	Nýting á hótélum <i>Hotel occupancy</i>		Nýting á gistiheimilum <i>Guesthouse occupancy</i>	
	Herbergi <i>Rooms</i>	Rúm <i>Beds</i>	Herbergi <i>Rooms</i>	Rúm <i>Beds</i>
2013	62,8	49,9	39,2	32,6
Janúar <i>January</i>	37,0	27,8	9,4	7,3
Febrúar <i>February</i>	60,4	45,9	18,0	14,2
Mars <i>March</i>	63,6	48,6	19,1	15,2
Apríl <i>April</i>	51,8	39,3	17,1	14,0
Mái <i>May</i>	59,4	45,8	25,7	21,4
Júní <i>June</i>	77,7	65,9	48,3	41,2
Júlí <i>July</i>	92,1	78,3	79,3	67,1
Ágúst <i>August</i>	84,0	71,2	65,1	55,0
September <i>September</i>	61,4	47,8	33,3	27,1
Október <i>October</i>	57,8	44,4	21,6	17,4
Nóvember <i>November</i>	55,4	41,9	12,9	10,1
Desember <i>December</i>	46,9	35,7	13,1	10,3
2014	67,2	53,5	41,4	34,8
Janúar <i>January</i>	46,7	35,3	11,9	9,4
Febrúar <i>February</i>	66,0	50,4	18,7	15,2
Mars <i>March</i>	70,3	53,5	21,0	17,1
Apríl <i>April</i>	58,9	45,1	19,6	15,9
Mái <i>May</i>	63,6	49,4	26,9	22,5
Júní <i>June</i>	77,0	65,7	52,0	44,5
Júlí <i>July</i>	91,6	78,5	80,1	68,3
Ágúst <i>August</i>	88,5	75,6	75,5	64,6
September <i>September</i>	69,0	54,0	37,0	30,7
Október <i>October</i>	62,6	48,3	21,7	17,7
Nóvember <i>November</i>	58,9	44,8	16,9	13,4
Desember <i>December</i>	48,6	36,7	15,1	12,1
Breyting milli ára, 2013–2014, %				
Change between 2013–2014, %	7,0	7,2	5,6	6,7
Janúar <i>January</i>	26,2	27,0	26,6	28,8
Febrúar <i>February</i>	9,3	9,8	3,9	7,0
Mars <i>March</i>	10,5	10,1	9,9	12,5
Apríl <i>April</i>	13,7	14,8	14,6	13,6
Mái <i>May</i>	7,1	7,9	4,7	5,1
Júní <i>June</i>	-0,9	-0,3	7,7	8,0
Júlí <i>July</i>	-0,5	0,3	1,0	1,8
Ágúst <i>August</i>	5,4	6,2	16,0	17,5
September <i>September</i>	12,4	13,0	11,1	13,3
Október <i>October</i>	8,3	8,8	0,5	1,7
Nóvember <i>November</i>	6,3	6,9	31,0	32,7
Desember <i>December</i>	3,6	2,8	15,3	17,5

Hagfíðindi
Statistical Series

100. árg. • 13. tbl.

ISSN 0019-1078

Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni
Tourism, transport and IT

2015:2

ISSN 1670-4576 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4584 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Hildur Kristjánsdóttir • hildur.kristjansdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099